

Velferðarnefnd
Nefndasvið skrifstofu Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

8. apríl 2024

Efni: Umsögn BHM um frumvarp um breytingu á ýmsum lögum vegna endurskoðunar
örorkulífeyriskerfis almannatrygginga, þingskjal 1290 - 864. mál. Stjórnarfrumvarp.

Ráðgerðar eru umfangsmiklar breytingar á fyrirkomulagi og þjónustu innan
örorkulífeyriskerfis almannatrygginga og ljóst að stjórnvöld stefna að því að styrkja
afkomuöryggi, réttarstöðu og þjónustu stofnana og fagaðila við einstaklinga sem þurfa
vegna heilsubreysts og skertrar vinnufærni að hverfa af vinnumarkaði. Jafnframt er lögð
áhersla á úrræði sem auðvelda endurkomu á vinnumarkað, svo að fólk hafi fjárhagslegan
hag af atvinnuþátttöku og njóti stuðnings við atvinnuleit.

Sú heildstæða nálgun sem hér er gerð tillaga um er mjög til bóta. Hún leggur grunn að
bættri málsmeðferð, gagnsæi gagnvart notendum og aukinni fagmennsku við mat og
afgreiðslu umsókna.

Frumvarpið hefur ákveðna snertifleti við umræðu sem fram hefur farið um leiðir til að
draga úr örorkubyrði lífeyrissjóða. Einnig tengjast ákveðnir þættir þess, einkum áherslan
á endurkomu fólks á vinnumarkað, skoðanaskiptum sem átt hafa sér stað undanfarið um
mögulega endurskoðun á samningsbundnum veikindarétti félagsmanna í aðildarfélögum
BHM.

BHM styður efni frumvarpsins en vísar að öðru til umsagnar Félagsráðgjafafélags
Íslands um málið.

Virðingarfyllt,



Ingvar Sverrisson

sérfræðingur í kjara- og réttindamálum